Nr. 16.
19.
júní.

# Boðskapur Konungs
til
# alþingis.

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Eins og boðað er í allrahæstum boðskap Vorum til Íslendinga, dags. 10. janúar þ. á., verður af stjórn Vorri lagt fyrir alþingi frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, og er það ósk Vor að gjöra með því Vort til þess, að stjórn þessara mála geti í svo fullum mæli, sem auðið er vegna einingar og óhultleika ríkis Vors, fengið aðsetur í landinu sjálfu, og hin æðsta stjórn þess með því komizt í nánara og innilegra samband við þjóð og þing, en unnt er með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Vjer viljum þó eigi, að það, að stjórn Vor lætur leggja þetta frumvarp fyrir alþingi og eigi frumvarp það til breytinga á stjórnarskránni, er þingið samþykkti í fyrra, verði skoðað sem meðmæli með hinu fyrgreinda frumvarpi fram yfir hið síðarnefnda. Með frumvarpi því, er lagt verður fyrir alþingi af landshöfðingja Vorum fyrir hönd stjórnar Vorrar, er það tilgangur Vor að bjóða þá fullkomnun á frumvarpi því, er samþykkt var í fyrra, sem Vjer höfum ástæðu til að ætla að vera muni kær Vorri íslenzku þjóð, en það er einmitt ásetningur Vor að láta alþingi með öllu sjálfrátt um, hvort þessara tveggja frumvarpa það kýs heldur.

Um leið og Vjer nú látum þá ósk í ljósi, að starf þingsins að þessu mikilsvarðandi máli, sem mikill hluti af tíma þess, kröptum og áhuga nú árum saman hefur gengið til, megi í ár bera ávöxt Oss til gleði og til blessunar fyrir þjóð og land, heitum Vjer með innilegustu óskum um framtíð Íslands alþingi Voru hylli Vorri og konunglegri mildi.

**Ritað á Amalíuborg, 19. júní 1902.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

***Frederik,***

krónprinz.

(L. S.)

***Alberti.***

Nr. 16. Boðskapur Konungs 19. júní til alþingis.

# Allerhøjeste Budskab
til
## Altinget.

Nr. 16.
19de
Juni.

**Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Vor kongelige Hilsen!

Som bebudet i Vort allerhøjeste Budskab til Islænderne af 10de Januar d. A. vil der af Vor Regering blive forelagt Altinget et Forslag til Lov om Forandringer i Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874, hvormed det er Vort Ønske at gøre Vort til, at Styrelsen af disse Anliggender i saa fuldt et Maal, som det med Hensynet til Vort Riges Samhørighed og Sikkerhed er foreneligt, kan faa sit Sæde i Landet selv, og derved dettes øverste Forvaltning træde i en nærmere og inderligere Forbindelse med Befolkningen og dens Repræsentation, end det med den nuværende Ordning er muligt.

Vi ønske imidlertid ikke den Omstændighed, at det er dette Forslag og ikke det af Altinget i Fjor vedtagne Forslag til Forandringer i Forfatningsloven, der indbringes ved Vor Regerings Foranstaltning, opfattet som en Anbefaling af det førstnævnte fremfor det sidstnævnte. Ved det Forslag, der af Vor Landshøvding paa Vor Regerings Vegne vil blive forelagt, er det Vor Hensigt at tilbyde en saadan Fuldstændiggørelse af det i Fjor vedtagne Forslag, som Vi have Grund til at antage vil være kærkommen for Vort islandske Folk, men i Valget mellem disse tvende Forslag er det netop Vor Agt at stille Altinget fuldkomment frit.

Idet Vi da udtale det Haab, at Tingets Arbejde i denne vigtige Sag, der nu i saa lang en Aarrække har beslaglagt saa stor en Del af dets Tid, Kræfter og Interesse, i Aar maa bære Frugt til Glæde for Os og til Velsignelse for Folk og Land, forblive Vi med de varmeste Ønsker for Islands Fremtid Vort Alting i Kongelig Huld og Naade bevaagen.

**Skrevet paa Amalienborg, den 19de Juni 1902.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

I Kongens Navn

***Frederik,***

Kronprins.

(L. S.)

***Alberti.***